

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2013

DANMÖRK

JAGTEN

ÁGRIP

Eftir erfiðan skilnað er hinn fertugi Lucas búinn að eignast nýja kærustu, fá nýtt starf og er að vinna í því að endurnýja samband sitt við Marcus, son sinn á táningsaldri. En hlutirnir fara úr böndunum. Bara ein athugasemd, tilviljanakennd lygi. Og á meðan snjórinn fellur til jarðar og kveikt er á jólaljósunum, breiðist lygin út eins og vírus. Áfallið og vantraustið magnast og litla samfélagið er allt í einu komið í sameiginlegt móðursýkiskast, á meðan Lucas berst einn fyrir lífi sínu og virðingu.

UM MYNDINA

Árið 1999, ári eftir að Thomas Vinterberg hlaut alþjóðlegan frama fyrir fyrstu kvikmynd sína *Veisluna*, hafði barnasálfræðingur samband við leikstjórnann og afhenti honum skýrslu sem hann hvatti hann til að lesa því hún varpaði ljósi á misnotkun á skjölum sem fjalla um börn og ímyndanir þeirra. En Vinterberg las ekki skýrsluna og setti hana í geymslu. Áratug seinna rakst hann á skýrslu sálfræðingsins, las hana og hún hafði mikli áhrif á hann. Hann sá samstundis að þarna væri frábært efni í kvikmynd.

Vinterberg fékk hinn hæfileikaríka Tobias Lindholm í lið með sér við að skapa sögu um mann sem er ranglega ásakaður um barnanið og ofsóttur af samfélagi. Skrifaði áður með honum verðlaunamyndina *Submarino* (sem hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2010).

Mads Mikkelsen var fenginn til að leika aðalhlutverkið og hann hlaut verðlaun fyrir sem besti leikari á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2012, en það voru fyrstu alþjóðlegu verðlaunin af fjölmörgum.

Meðal annarra alþjóðlegra verðlauna sem *Jagten* hefur hlotið eru fyrir besta handrit á European Film Awards árið 2012 og Best International Independent Film á British Independent Film verðlaunahátíðinni árið 2012.

Myndin sem er framleidd af Zentropa naut einnig mikilla vinsælda í kvikmyndahúsum heima fyrir (tekjuhæsta danska kvikmyndin árið 2013) og hefur verið sýnd í rúmlega 30 löndum, s.s. Frakklandi, Bretlandi, Þýskalandi, Ítalíu og Bandaríkjunum.

HANDRITSHÖFUNDUR - LEIKSTJÓRI THOMAS VINTERBERG

Thomas Vinterberg er æ árið 1969 í Kaupmannahöfn, og gerði sína fyrstu stuttmynd 16 ára gammal. Þremur árum seinna fékk inngöngu í Danska kvikmyndaskólann og útskriftarmynd hans *Sidste omgang* var tilnefnd til skólaverðlaunanna. Fyrsta kvikmyndin í leikstjórn hans *De største helte* frá árinu 1996 hlaut þrenn Robert-verðlaun. Tveimur árum seinna fékk hann alþjóðlega viðurkenningu fyrir *Veisluna* - fyrstu mynd Dogma hreyfingarinnar - sem hlaut fjölda verðlauna þar á meðal verðlaun dómnefndar í Cannes. Leikstjórinn snéri sér síðan að kvikmyndum á ensku með *It's All About Love* (2003) og *Dear Wendy* (2005). Í kjölfarið gerði hann svo gamanmyndina *En mand kommer hjem* (2007) og síðan *Submarino* (2010) í Danmörku. *Submarino* tók þátt í aðalkeppninni í Berlín og hlaut fjölda verðlauna, þar á meðal kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2010.

Árið 2008 hlaut Vinterberg Achievement in World Cinema verðlaunin á European Film Awards fyrir hlut sinn við að stofna til Dogma hreyfingarinnar árið 1995. Á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2013 hlaut hann Prix MEDIA fyrir besta nýja kvikmyndaverkefni með möguleika á MEDIA stuðningi. Kvikmyndin *The Commune* byggir á leikriti Vinterberg hefur notið mikilla vinsælda verður enn á ný skrifuð í samvinnu við Lindholm.

Leikstjórinn, sem er 44 ára gamall, leikstýrir einnig kvikmyndinni *Far From the Madding Crowd* sem byggir á sígildri skáldsögu, með Carey Mulligan og Matthias Schoenaerts í aðalhlutverkum..

HANDRITSHÖFUNDUR, TOBIAS LINDHOLM

Tobias Lindholm sem er fæddur árið 1977 og í dag talinn einn hæfileikaríkasti sögumaður Dana. Hann var enn við nám í handritsgerð við danska kvikmyndaskólann árið 2007 þegar Thomas Vinterberg bað hann um að skrifa með sér handritið að *Submarino*. Myndin fékk mörg mikilsmetin verðlaun, svo sem kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2010. Sama ár skrifaði Lindholm og leikstýrði ásamt Michael Noer fangelsismyndinni *R* sem var frumsýnd í Rotterdam og hreif gagnrýnendur og dómnefndir kvikmyndahátíða með sér. Sérstaka athygli vakti hvernig raunsæi og sannleikur birtast í myndinni. Annað skiptið sem Lindholm vann með Vinterberg var við myndina *Jagten* sem hlaut meira en 14 alþjóðleg verðlaun, þar á meðal fyrir besta leikara í Cannes árið 2012 og fyrir besta handrit á European Film Awards árið 2012.

Fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd, *Kapringen* (2012) festi nafn hans í sessi á alþjóðavettvangi. Síðan myndin var frumsýnd í Feneyjum árið 2012 hefur hún verið sýnd á 36 alþjóðlegum kvikmyndahátíðum og unnið tólf verðlaun, þar á meðal hefur hún hlotið fimm Róbert verðlaun í Danmörku fyrir bestu mynd og besta handrit.

Nýjasta handrit Lindholm tengist *I lossens time* eftir Søren Kragh Jacobsen og hann er um þessar mundir ásamt Vinterberg að skrifa handrit að næstu mynd Vinterberg *The Commune*.

Lindholm hefur skrifað nokkra þætti í þáttaröðum danska ríkisútvarpsins DR um *The Summers* og *Borgen* og var nýlega tilnefndur tímaritinu Variety sem einn af tíu leikstjórum sem vert er að fylgjast með.

FRAMLEIÐANDI, SISSE GRAUM JØRGENSEN

Sisse Graum Jørgensen sem fæddist í Kaupmannahöfn árið 1972 er einn af stjörnuframleiðendum Zentropa. Hún útskrifaðist með B.A í viðskiptum og hagfræði frá CBS árið 1995. Árið 1999 gekk hún til liðs við Zentropa og starfaði sem aðstoðarmaður Peter Aalbæk Jensen, meðstofnanda, og síðan þá hefur hún framleitt meira en 21 kvikmynd fyrir fyrirtækið auk sjónvarpsþáttaraðarinnar *Blekingegade*.

Fyrsta myndin í fullri lengd sem Sisse Graum framleiddi árið 2001 var *Chop Chop* eftir Niels Arden Oplev en hún vann einnig með honum árið 2006 að *We Shall Overcome*.

Hún er sérstaklega vel þekkt fyrir langtíma samstarf sitt og Susanne Bier sem hófst árið 2002 með *Elsker dig for evigt* (tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2002) en þar gegndi hún stöðu meðframleiðanda. Hún framleiddi síðan *Brødre* (2004), *Efter brylluppet* sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna, Óskarsverðlaunamyndina *Hævnen* og rómantísku gamanmyndina *Love is All You Need*.

Meðal annarra danskra leikstjóra sem unnið hafa með henni eru Jacob Thuesen (*The Early Years-Erik Nietzsche Part 1*, tilnefndur til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2008), Thomas Vinterberg (*Dear Wendy, Jagten*), Lone Scherfig (*Wilbur Wants to Kill Himself*), Kristian Levring (*Den du frygter*), Pernille Fisher Christensen (*En familie*) og Nicolaj Arcel (*En kongelig affære*, tilnefndur til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2012). Graum Jørgensen er að vinna að tveimur dönskum myndum: *Someone You Love* eftir Pernille Fischer Christensen með Tine Dyrholm og Mikael Persbrandt í aðalhlutverkum, og *The Salvation* eftir Kristian Levring með Mads Mikkelsen í aðalhlutverki.

Á alþjóðavettvangi var hún meðframleiðandi að *Red Road* (2006) eftir Andrea Arnold sem hlaut Cannes Special Jury Prize verðlaunin og *Perfect Sense* (2011) eftir David McKenzie's sem tók þátt í Sundance kvikmyndahátíðinni.

Árið 2003 var Graum Jørgensen valin „Producer on the Move“ á Cannes kvikmyndahátíðinni.

FRAMLEIÐANDI, MORTEN KAUFMANN

Morten Kaufmann sem er fæddur árið 1963, útskrifaðist sem framleiðandi úr danska kvikmyndaskólanum árið 1995. Stuttu síðar gekk hann til liðs við Nimbus Film þar sem hann framleiddi fjölda stuttmynda og verðlaunamyndir eftir Ole Christian Madsen (*Kira's Reason: a Love Story, Prague, Flammen & Citronen*), Søren Kragh Jacobsen (*Mifunes sidste sang*), Natasha Arthy (*Mirakel*) og Dag Kára (*Dark Horse*).

Kaufmann starfaði fyrst með Thomas Vinterberg að verðlaunastuttmyndinni *The Boy Who Walked Backwards* (1995). Síðan þá hefur hann framleitt nánast allar myndir Vinterberg. Eftir *De største helte* (1996) var Kaufmann meðframleiðandi *Veislunnar* og *It's All About Love*. Árið 2007 var hann framleiðandi og meðhöfundur að handriti *En mand kommer hjem* eftir Vinterberg. Síðan framleiddi hann verðlaunamyndina *Submarino* (sem hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2010) og *Jagten*.

Árið 2011 stofnaði Kaufmann framleiðslufyrirtækið Toolbox Film ásamt Signe Leick Jensen. Mynd þeirra *Hemmeligheden* (2012) í leikstjórn Morten Kølhlert hlaut Lübeck Children & Youth Film Prize verðlaunin. Meðal fjölmargra verkefna sem þau eru með í vinnslu er kvikmynd Christina Rosendahl, *The idealist*.

HELSTU FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Upprunalegur titill	Jagten
Leikstjóri	Thomas Vinterberg
Handritshöfundar	Thomas Vinterberg, Tobias Lindholm
Framleiðendur	Sisse Graum Jørgensen, Morten Kaufmann
Aðalhlutverk	Mads Mikkelsen, Susse Wold, Thomas Bo Larsen, Lars Ranthe
Framleiðslufyrirtæki	Zentropa Entertainments
Lengd	111 mín
Dreifing innanlands	Nordisk Film
Alþjóðleg dreifing	TrustNordisk